

Mál nr. 373/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Varúðarregla.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 13. október 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. október 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir V dags. 20. október 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 23. júlí 2025, barst lögreglu, hinn 19. júlí 2025, tilkynning um rásandi aksturslag A, sem M ók umrætt sinn, þar sem henni var ekið Vesturlandsveg til suðurs í átt að Þingvallavegi. Skömmu síðar barst tilkynning frá aðila sem var staddur hjá M um að M hefði ekið utan í vegrið og í kjölfarið ekið bifreiðinni á bifreiðastæði í nágrenninu. Á vettvangi báru þrjú vitni um það að A hefði ítrekað verið ekið yfir á öfugan vegarhelming í aðdraganda þess að henni var ekið á vegrið. Hafi þau talið M vera undir einhverjum áhrifum. M hafi verið sjáanlega sljór, rauðleitur í framan, augun fljótandi og hann virst vera undir áhrifum. Hafi áfengismæling og fíkniefnapróf gefið neikvæða svörun. M sagðist hafa verið á heimleið úr sumarbústað og hann hafi skyndilega fundið fyrir mikilli þreytu við aksturinn og ákveðið að leggja A og fá sér blund. Áður en til þess kom hafi hann líklega sofnað við aksturinn með þeim afleiðingum að hann ók á vegrið. M sagðist þá hafa tekið 10 mg. töflu af svefnlyfi kvöldið áður en hann ætti við svefnvandamál að stríða og venjulega tæki hann 20 mg. af lyfinu að kvöldi. Kom jafnframt fram að M glímdi við svefnleysi en hann þyrfti tíu til tólf tíma svefn á nóttu, en nóttina áður hafi hann ekki náð þeim svefni. Héraðslæknir sem skoðaði M mat aðstæður svo að M „væri fær um að stjórna bifreiðinni örugglega en taldi að M væri undir nokkrum áhrifum og að áhrifin væru sennilega vegna þreytu.“ Eiginkona M sótti M á lögreglustöðina og var henni afhentur lykillinn að A. Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 6. ágúst 2025, mældust 690 ng/ml af Zolpidem í blóði M og kemur þar jafnframt fram að styrkur þess í blóði væri talsvert hærri en eftir töku í lækningalegum skömmtum og gæti bent til eitrunar. Fullvíst sé að M hafi ekki getað stjórnað ökutækinu örugglega. Fyrirbyggjandi er þá sektargerð lögreglu, dags. 27. ágúst 2025, þar sem M er boðið að ljúka málinu með sátt þannig að hann greiði sekt vegna málsins og sæti sviptingu ökuréttar í sex mánuði.

Í málskoti kemur fram að M hafi gert kröfu um bætur úr kaskótryggingu A hjá V vegna þess tjóns sem varð á henni. V hafi hins vegar felld bótarétt hans að fullu niður þar sem hann hefði að mati V sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leitt hafi til tjónsins. M er ósammála þeirri afstöðu V og telur niðurstöðu lögreglu, sem umrætt sektarboð byggir á, mótsagnarkennda. Það sé vissulega rétt að hann hafi mælst með lítið, en þó of mikið, magn Zolpidem en ekkert tillit hafi verið tekið til þess að ástand hans hafi verið vandlega rannsakað á vettvangi en M hafi sjálfur látið kalla til lögreglu til að kanna ástand sitt. Hafi þá verið staðfest af lækni og lögreglu að hann væri ekki undir neinum þeim áhrifum sem gerðu hann óhæfan til að stjórna ökutæki, og framkvæmd próf því til staðfestingar. Honum hafi verið afhentir lykklar A og ekið sem leið lá heim til sín eftir afskipti lögreglu. Hann hafi þá mótmælt sáttaboði lögreglu hvað varði sviptingu ökuréttinda enda hafi hann staðist nákvæmt hæfnismat stuttu eftir að tjónið átti sér stað.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess sem fram kemur í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu og matsgerðar Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Á grundvelli framangreindra gagna sé afstaða V sú að M hafi valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi með því að aka A þegar hann var óhæfur til aksturs vegna lyfjaneyslu. Hafi M þá jafnframt brotið gegn varúðarreglu skilmála kaskótryggingarinnar sem kveði á um að ökumaður skuli ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við notkun ökutækis né annarra örvandi eða deyfandi efna. Hafi M skapað stórhættu með háttsemi sinni og líkur á umtalsverðu tjóni hafi verið verulegar. Telji V því rétt að bótaréttur M úr kaskótryggingu A falli að fullu niður, sbr. 26. gr. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að lækni og lögregla hafi rannsakað akstursfærni M strax eftir atvikið og hafi niðurstaða þeirra rannsókna verið sú að ekkert hafi verið athugavert við hana. Gerir M þá athugasemdir við dylgjur sem fram komi í bréfi V um að hann hafi sýnt af sér ábyrgðarlausa háttsemi. Hvað varði frásögn vitna af reikulu aksturslagi þá minnst hann þess að hafa fengið hnerrakast við aksturinn sem kunnir að skýra það. Kemur þá fram að hefði M fengið að sjá umrædda lögregluskýrslu hefði hann gert athugasemdir við hana.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga skal ökumaður vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með. Í 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga kemur fram að enginn má stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann er svo á sig kominn, m.a. vegna svefnleysis eða neyslu deyfandi lyfja, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Sambærilegt ákvæði er að finna í varúðarreglu í skilmálum kaskótryggingar A, þ.e. að ökumaður skuli ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við notkun ökutækis né annarra örvandi eða deyfandi lyfja.

Í 26. gr. laga um vátryggingarsamninga kemur fram að vátryggingafélag geti gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Í 2. mgr. 27. gr. sömu laga kemur m.a. fram að hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið vátryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Af fyrirliggjandi lögregluskýrslu, sem líta verður til sem frumgagns í málinu enda séu ekki til staðar önnur og veigameiri gögn er hnekki því sem þar kemur fram, má ráða af framburði þriggja vitna að aksturslag M hafi verið reikult og hann ítrekað ekið A yfir á öfugan vegarhelming í aðdraganda tjónsins. Það að áfengis- og fíkniefnapróf hafi reynst neikvæð felur þá ekki sjálfkrafa í sér að M hafi verið í ástandi til að stjórna ökutækinu örugglega enda liggur fyrir matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði þar sem fullvíst er talið að svo hafi ekki verið. Kemur þar jafnframt fram að magn Zolpidem í blóði M hafi verið talsvert hærri en við lækningalega skammta. Hvað varðar mat héraðslæknis á ástandi M eins og því er lýst í lögregluskýrslu þá virðist nokkur þversögn í því þar sem viðkomandi lækni virðist bæði hafa talið M færan um að stjórna bifreið örugglega en einnig að M væri undir nokkrum áhrifum, líklega vegna þreytu. Kemur þá fram í lögregluskýrslu að eiginkona M hafi sótt hann og að henni hafi verið afhentir lykilar að A. Er sú fullyrðing M um að lögregla hafi afhent honum lykila að A og látið ótalið að hann æki henni því í nokkurri andstöðu við efni skýrslunnar hvað þetta varðar og ekki studd neinum gögnum.

Verður af öllu framansögðu að telja nægilega sannað að M hafi ekki verið fær um örugga stjórn A umrætt sinn vegna þreytu og áhrifa af svefnlyfi og að umtalsverð hætta á tjóni hafi stafað af aksturslagi hans. Af lýsingum vitna í lögregluskýrslu, og raunar frásögn M sjálfs um að hann hafi sofnað við aksturinn, verður þá að telja skýrt orsakasambengi milli ástands M og þess að tjón varð. Með vísan til lýsingar vitna og lögreglu á ástandi M svo og þess að magn Zolpidem í blóði hans var talsvert meira en reikna mætti með við lækningalega skammta, svo og þess að M hafði, samkvæmt eigin frásögn, ekki náð tilskildum svefni nóttina áður, verður jafnframt að telja að M hafi mátt vera ljóst að hann var ófær um örugga stjórn A.

Er það því mat nefndarinnar að sýnt sé fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og auk þess brotið gegn áðurnefndri varúðarreglu skilmála vátryggingarinnar. Með hliðsjón af atvikum öllum og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að V sé heimilt að fella bótarétt hans úr kaskótryggingu A að fullu niður.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 11. nóvember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir